

Sp.

872. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1981.

Efnisyfirlit

I. INNHEIMTA TEKNA	
YFIRLIT	
1.0. BIFREIÐAINNFLUTNINGUR	
1.1. BENSÍNGJALD	
1.2. ÞUNGASKATTUR	
1.3. GÚMMÍGJALD	
1.4. RÍKISFRAMLAG	
1.5. LÁNSFÉ	
II. SKIPTING ÚTGJALDA	
YFIRLIT	
2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN	
2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR	
2.1.0. Starfsmannahald	
2.1.1. Skrifstofukostnaður	
2.1.2. Tæknilegur undirbúningur	
2.1.3. Umferðartalning og eftirlit	
2.1.4. Eftirlaunagreiðslur	
2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA	
2.2.1. Sumarviðhald	
2.2.1.1. Viðhald malarvega	
2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	
2.2.1.3. Viðhald brúa	
2.2.1.4. Viðhald varnargarða	
2.2.1.5. Heflun vega	
2.2.1.6. Rykbinding	
2.2.1.7. Vinnsla efnis	
2.2.1.8. Vatnaskemmdir	
2.2.1.9. Vegmerkingar	
2.2.2. Vetrarviðhald	
2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess	
2.3. TIL NÝRRRA ÞJÓÐVEGA	
2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaf framkvæmda	
2.3.0.1. Föst lán til vegaf framkvæmda	
2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda	

2.3.0.3.	Önnur lán til vegaf framkvæmda
2.3.0.4.	Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun
2.3.0.5.	Viðbótarfjármagn
2.3.0.6.	Frestun framkvæmda
2.3.0.7.	Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun
2.3.1.	Til stofnbrauta
2.3.1.1.	Almenn verkefni
2.3.1.2.	Bundin slitlög
2.3.1.3.	Sérstök verkefni
2.3.2.	Til þjóðbrauta
2.3.3.	Girðingar og uppgræðsla
2.4.	TIL BRÚAGERÐA
2.4.1.	Til brúa 10 m og lengri
2.4.2.	Til smábrúa
2.5.	TIL FJALLVEGA O. FL.
2.5.1.	Til aðalfjallvega
2.5.2.	Til annarra fjallvega
2.5.3.	Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum
2.5.4.	Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur—Hafnarfjörður
2.5.5.	Reiðvegir
2.6.	TIL SÝSLUVEGA
2.7.	TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM
2.8.	TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA
2.8.1.	Vélakaup
2.8.2.	Til byggingar áhaldahúsa
2.9.	TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ
3.1.	SÉRSTÖK VERKEFNI
3.1.1.	Tilraun með ódýrt slitlag
4.1.	YFIRLIT UM FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Fylgiskjöl:

1.—1.	Markaðir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins.
2.1.3.—1. til 4.	Umferðartalningar 1981.
2.3.1.1.—1.	Stofnbrautir — Almenn verkefni. Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.1.2.—1.	Bundin slitlög — Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.1.3.—1.	Stofnbrautir — Sérstök verkefni. Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.2.—1.	Þjóðbrautir — Greinargerð um framkvæmdir.
2.4.1.—1.	Brýr 10 m og lengri — Greinargerð um framkvæmdir.
2.5.1.—1.	Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.

I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1981, sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun þ.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.'80 þ.kr.	Mismunur þ.kr.
1.1. Bensíngjald:	171,50	169,97	-1,53
Brúttótekjur		170,16	
Endurgreiðslur		0,19	
1.2. Pungaskattur:	67,20	66,66	-0,54
Km-gjald		57,98	
Árgjald		8,68	
1.3. Gúmmígjald	0,90	1,20	0,30
Samt. 1.—3.	239,66	237,83	-1,77
1.4. Ríkisframlag	31,66	28,96	-2,70
1.5. Lánsfé	140,20	130,10	-10,10
Samt. 1.—5.	411,46	396,89	-14,57

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1981 voru fluttar inn 10 366 bifreiðar og er það 1 439 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 8 995. Innflutningur vörubifreiða var alls 767, þar af 238 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 545 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 59. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1981 hafi verið orðin um 102 800 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 7,5%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1982 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1981 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Aukning frá 01.01.'80
Fólksbifreiðar	82 321	3 603	85 924	6,0%
Alm. bifreiðar	369	782	1 151	3,0%
Vörubifreiðar	4 078	4 453	8 531	8,4%
	86 768	8 838	95 606	6,2%

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1981 varð 121,1 m. ltr., en það er 1,9% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 8,3% minni en árið áður eða 1.295 ltr. á móti 1.412 árið 1980.

Bensínverð hækkaði á árinu 1981 úr 5,95 kr. í 8,45 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað tvisvar á árinu, fyrst 2. júní í 1,57 og síðan 2. sept. í 1,70 kr./ltr.

Bensínsala/meðaleyðsla á bensínbifreið, o. fl.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla m.ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr. ltr.	Bensíngj. kr. ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1 áætl.	1 295 áætl.	8,45	4,640	1,700

1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 66,7 m.kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 58,0 m.kr. og af árgjaldi 8,7 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meira. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 9000 bifreiðum. Áætlað er að um 6400 greiði eftir mæli, en um 2600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem eru 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmí, urðu 1,20 m.kr., en það er 0,30 m.kr. meira en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun meira var flutt inn af bifreiðum en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 2 650 tonn af hjólbörðum. Áætlað er að 1 770 tonn séu vegna endurnýjunar og 880 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarda og árlega meðalnotkun bifreiða af gúmmí.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendur- nýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	570	1 530	2 100	20
1978	680	1 460	2 140	18
1979	630	1 380	2 010	16
1980	690	1 600	2 290	17
1981	880	1 770	2 650	18

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1981 31,66 m.kr., en er hér hækkað um 0,30 m.kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings umfram áætlaða hækkun meðal-verðlags á árinu 1981 og lækkað um 3,0 m.kr. vegna frestunar framkvæmda.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán nam 130,1 m.kr. Er það 10,1 m.kr. lægra en í vegáætlun og skýrist af því að 5,7 m.kr. var tekið af B-hluta til ýmissa verka og 4,4 m.kr. sem er bráðabirgðalán vegna brúargerðar yfir Eyjafjarðará. Sjá nánar kafla 2.3.0.3.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála samkvæmt vegáætlun var 411 460 þús. kr. og skiptist hún milli einstakra liða eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var framkvæmdum fyrir 3 000 þús. kr. frestað á árinu og dregst sú fjárhæð frá einstökum liðum eins og í töflunni greinir. Í fjárveitingadálkinum er innfalið lánsfé að upphæð samtals 10 100 þús. kr. Annars vegar er þar um að ræða lán úr Byggðasjóði að upphæð 5 700 þús. kr., sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók og endurlánaði til ýmissa framkvæmda samkvæmt vegáætlun, en hins vegar 4 400 þús. kr. lán frá heimamönnum í Eyjafirði til brúar á Eyjafjarðará og lagningar Miðbrautar.

Heildarfjárveiting úr ríkissjóði varð því í raun ekki nema 398 360 þús. kr., en að meðtöldu lánsfé 408 460 þús. kr.

SKIPTING ÚTGJALDA			Upph. í þús. kr.
	Samkv. vegáætlun	Frestun framkvæmda	Samtals (Lánsfé innif.)
2.1. Stjórn og undirbúningur:			
1. Skrifstofukostnaður	7 340	100	7 240
2. Tæknilegur undirbúningur	9 460	100	9 360
3. Umferðartalning og vegæftirlit	1 410		1 410
4. Eftirlaunagreiðslur	940		940
			<hr/>
			18 950
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1. Sumarviðhald			
1. Viðhald malarvega	36 000		36 000
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	17 100		17 100
3. Viðhald brúa	4 350		4 350
4. Viðhald varnargarða	600		600
5. Heflun vega	18 500		18 500
6. Rykbinding	5 900		5 900
7. Vinnsla efnis	16 450		16 450
8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	4 000		4 000
9. Vegmerkingar	800		800
			<hr/>
2. Vetrarviðhald	33 060		33 060
Halli frá 1980	3 300		3 300
Halli frá 1980	1 350		1 350
			<hr/>
			103 700
			<hr/>
			37 710
2.3. Til nýrra þjóðvega:			
1. Stofnbrautir			
1. Stofnbrautir almennt	66 540	665	65 875
2. Bundin slitlög	41 030	410	40 620
3. Sérstök verkefni	43 560	436	43 124
2. Þjóðbrautir	29 320	293	29 027
3. Girðingar og uppgræðsla	2 550	26	2 524
			<hr/>
			181 170

	Samkv. vegáætlun	Frestun framkvæmda	Samtals (Lánsté innif.)
2.4. Til brúagerða:			
1. Brýr 10 m og lengri	13 680	137	13 543
2. Smábrýr	3 300	33	3 267
			16 810
2.5. Til fjallvega o. fl.:			
1. Aðalfjallvegir	630		630
2. Aðrir fjallvegir	670		670
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	630		630
4. Bláfjallavegur	2 500		2 500
5. Reiðvegir	70		70
			4 500
2.6. Til sýsluvega	13 00		13 000
2.7. Til vega í kaupst. og kaupstúnum	29 720	500	29 220
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	2 500	300	2 200
2.9. Til tilrauna	1 200		1 200
Samtals	411 460	3 000	408 460

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Pegar vegáætlun 1981 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1981 og 1980 var á grundvelli þessa áætluð 52%. Raunverulegar verðhækkanir urðu í raun mjög nálægt þessum mörkum eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá 1980).

	Viðhald	Vegagerð	Brúagerð
Vísitala í vegáætlun (áætl.)	52%	52%	52%
Vísitala í ágúst 1981	53,9%	50,7%	46,2%
Frávik	+1,3%	-0,9%	-3,8%

Mikill halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1981 eða um 10,0 m.kr. Heildarkostnaður varð 43,0 m.kr. og hefur ekki orðið svo hár áður. Má geta þess að hækkun frá árinu á undan, mæld á föstu verðlagi, var 67%.

Lítillsháttar halli varð á innheimtu markaðra tekna, eða um 1,77 m.kr. eins og nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um innheimtu tekna.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 459, en voru 450 um áramótin 1980—1981. Af þessum 459 eru 148 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 145 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru jafnmörg eða 145.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1981 nam 588 manna og hafði fækkað úr 600 frá árinu 1980. Launagreiðslur voru 80,5 milljónir kr. á árinu 1981 og launatengd gjöld um 7,5 milljónir kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira eða minna um 530 vörubifreiðastjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann, og voru greiðslur til þeirra á árinu 1981 62,3 milljónir kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 1. jan. 1982.

	Reykja- vik	Suður- land	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Samtals jan. 1982
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	3	2	38
Verkfræðilegur undirbúningur	33	5	4	7	5	4	5	5	67
Vegaefitítt	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. Ifi. BSRB	12	1		1	1		1	1	15
Iðnlærðir verkstjórar	7	1	1	13	8	2	3	3	19
Verkstjórar	3	8	5	9	2	6	11	10	65
Iðnaðarmenn	31			18	16	10	21	15	115
Vélamenn	15	13	7	8		4	9	4	53
Verkamenn	17	7	4	1	1		3	1	15
Ráðskonur, matráðskonur	7	1	1						
Fastir starfsm. í jan. 1982	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsm. í jan. 1981	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsm. í jan. 1980	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsm. í jan. 1979	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsm. í jan. 1978	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsm. í jan. 1977	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang allra skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sendar til baka allar bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórnækis nýtist sem best.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 9,36 m.kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð langtímaáætlunar um vegagerð í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi s. l. vor.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 1,41 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 46 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Suður- og Suðvesturlandi.

Umferðin 1981 virðist hafa aukist nokkuð frá því, sem hún var 1979. Er aukningin um 4% á sumarumferð og tæp 3% á ársumferð miðað við landið í heild. Einna mest hefur umferðaraukningin verið á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjöllum 2.1.3.1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.


B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem gerð var lögregluskýrsla um á árinu 1980. Alls bárust upplýsingar um 801 slys. Í 169 þeirra eða um 21% tilfella urðu meiðsli á fólki. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom, að um 31% slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi, og um 47% allra slysa með meiðslum á fólki urðu í útafakstri.

Þá var reiknuð slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1 000 000 ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1980 reyndist vera 1,70. Samsvarandi tala fyrir árið 1979 var 1,81.

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á var Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1980 gerðar lögregluskýrslur um 130 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut. Þetta eru um 16,2% allra slysa sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á honum reyndist vera 3,11 slys á 1 000 000 ekinna km, þ. e. verulega hærra en landsmeðaltal. Þrátt fyrir þetta hafði ástand á veginum batnað nokkuð frá 1979 (meðalslysatíðni 3,89) enda var á árinu 1980 hafist handa um verulegar endurbætur á veginum.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta út frá öryggissjónarmiði.



C. Vegaeftirlit.

Starfsemi vegaeftirlitsins var svipuð og síðustu árin. Í samvinnu við lögregluna var haldið uppi eftirliti með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum. Eins og áður var fylgst með ökumælum í díselbifreiðum vegna innheimtu þungaskatts.

Að venju sá vegaeftirlitið um vegmerkingar, umferðartalningar, upplýsingamiðlun um færð á vegum og ástand þeirra og annaðist samræmingu og hafði umsjón með snjómokstri á þjóðvegum.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 940 þús. kr., en urðu ekki nema 844 þús. kr., þar sem eftirlaunabægar urðu nokkru færri en áætlað var. Einn fyrrv. verkstjóri lést á árinu, en frestað var greiðslu eftirlauna til annars. Einn fyrrv. verkstjóri, einn fyrrv. verkamaður og ein ekkja öðluðust rétt til eftirlauna á árinu.

Alls nutu því 10 fyrrv. vegaverkstjórar, 18 ekkjur og 9 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 37 á móti samtals 35 í árslok 1980.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	103,7
Vetrarviðhald	33,1
Samtals	136,8


2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði.

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	36,00
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	17,10
3. Viðhald brúa	4,35
4. Viðhald varnargarða	0,60
5. Heflun vega	18,50
6. Rykbinding	5,90
7. Vinnsla efnis	16,45
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	4,00
9. Vegmerkingar	0,80
Samtals	103,70

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1970—81 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1981, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1981, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinna km miðað við verðlag 1981, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. miðað við verðlag 1981 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1981. Þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km	Viðhaldsk. á hverja 100 ekna km miðað við verðlag 1981. Kr.
1971	2 181	9,8	78,36	8 148	9,62	47 011	328	24
1972	3 036	11,7	91,08	8 164	11,16	52 489	349	26
1973	3 340	14,2	82,56	8 104	10,19	57 155	371	22
1974	6 800	22,7	105,15	8 211	12,81	63 189	395	27
1975	8 400	37,1	79,47	8 336	9,53	71 364	420	19
1976	11 720	47,7	86,24	8 336	10,35	71,459	420	21
1977	14 370	67,5	74,72	8 336	8,96	73 410	449	17
1978	26 550	100	93,19	8 409	11,08	78 481	450	21
1979	39 466	145	95,53	8 406	11,36	84 141	449	21
1980	63 630	228	97,96	8 409	11,65	90 015	472	21
1981	138 756	351	95,78	8 411	11,39	95 606	485	20




Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmörkanir, sem settar voru síðastliðið vor.

TAKMARKANIR ÖXULPUNGA Á HELSTU
ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORÍÐ
1981



V3-10.23

Á meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarpunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi.

Einnig er gerður greinarmunur á malarsslitlagi og bundnu slitlagi.

1980

Kjördæmi	Gerð slit-lags	Sumardagsumferð bílar/dag															Ársúmféð millj. ekinna km												
		50-100		100-200		200-300		300-500		500-750		750-1000		1000-1500		1500-2000		2000-3000		3000-5000		5000-10000		Meiri en 10000		Alls í kjörd. km	Ekknir m.km	Alls í kjörd. km	
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km				
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1000	1000-1500	1500-2000	2000-3000	3000-5000	5000-10000	Meiri en 10000															
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	
		Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki																											
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	
Suðurland	Malar Bundið Samt.	475	294	278	183	140	43	5	7	14	16	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
Reykjanes	Malar Bundið Samt.	8	70	34	20	21	20	2	22	3	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Vesturland	Malar Bundið Samt.	518	209	245	159	137	45	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35	7	35
Vestfirðir	Malar Bundið Samt.	353	518	345	54	27	8	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Norðurl. ve.	Malar Bundið Samt.	402	238	131	97	107	75	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Norðurl. ey.	Malar Bundið Samt.	374	183	295	146	119	33	1	6	12	11	3	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Austurland	Malar Bundið Samt.	438	209	477	186	101	2	1	19	7	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Samtals	Malar Bundið	2568	1721	1805	844	651	226	14	70	3	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	Alls	2570	1722	1835	862	764	291	58	165	32	34	60	12	5	507	47	47	47	47	47	47	47	47	47	47	47	47	47	47

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stika, malarburð og fleira.

Til malarburðar var varið 18,55 m.kr., en það gerir um 13,4% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1981, ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í slitlag vega.

Kjördæmi	Lengd km	Malar- magn m ³	Magn m ³ /m	Meðal þykkt cm
Suðurland	68,0	100 000	1,47	21,0
Reykjanes	56,0	40 653	0,89	12,5
Vesturland	126,4	135 196	1,07	17,8
Vestfirðir	57,5	34 235	0,60	10,0
Norðurland vestra	79,5	43 200	0,54	9,0
Norðurland eystra	76,8	48 844	0,64	10,0
Austurland	74,3	70 700	0,95	15,9
Samtals	538,5	472 828	0,88	14,1

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers rúmmetra var 39,23 kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 27,5 km langir kaflar af slitlagi í viðhaldi. Þar af voru lagðir 8,0 km af malbiki, 8,9 km af olíumöl og 10,6 km af klæðingum. Lagning klæðinga til að endurnýja gömul slitlög hófst með lagningu á 1,8 km löngum tilraunakafla á Suðurlandsvegi við Sandskeið sumarið 1980. Sumarið 1981 voru svo lagðir 10,6 km af klæðingu á Suðurlandsveg í Svinahrauni og tveimur öðrum stöðum. Lagning á klæðingu kostar um 20% af malbiksslitlagi og um 30% af olíumalarslitlagi. Það er því ljóst að spara má mikið í viðhaldskostnaði sé lögð klæðing í staðinn fyrir malbiks- eða olíumalarslitlag, en kostnaður umferðarinnar verður nokkru meiri t. d. vegna aukins bensínkostnaðar og meira slits á dekkjum.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1981 eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Lengdir í km				Samtals
	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðing	
Suðurland	–	4,40	98,42	42,00	144,82
Reykjanes	46,67	40,30	63,42	10,30	160,69
Vesturland	–	1,94	15,98	28,75	46,67
Vestfirðir	–	9,10	–	19,80	28,90
Norðurland vestra	0,8	–	–	50,17	50,97
Norðurland eystra	–	11,38	–	29,99	41,37
Austurland	0,65	–	7,34	25,12	33,11
Samtals	48,12	67,12	185,16	206,13	506,53

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 4,35 m.kr. Stærstu verkefni voru viðgerð á brú á Fjallsá (1) og Botnsá (1).

Vegna erfiðs tíðarfars á s. l. hausti tókst ekki að vinna fyrir alla fjárveitinguna.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 0,60 m.kr. Unnið var að minniháttar viðhaldsverkum á mörgum stöðum. Búið var við að Skeiðará hlypi á árinu en það gerði hún ekki. Er því nokkuð ónotað af fjárveitingunni.

2.2.1.5. Heflun vega.

Eins og fyrri ár var reynt að nýta heflunarfjárveitinguna þannig, að sem best not yrðu af hverri heflingu.

Vegagerðin á nú 65 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum í nýbyggingum vega.

Á árinu 1981 voru keyptir 4 nýir heflar.

Eitt hefildstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 16 172 þ.kr. eða um 2 050 kr. á hvern km af malarvegum.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1981, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með meiri umferð en 300 bílar á dag.

Kjördæmi	Rykbinding, km				Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d km
	Að fullu	Að nokkru leyti	Með sjó	Alls	
Suðurland	6,0	123,0	—	129,0	195
Reykjanes	12,0	15,0	57,0	84,0	68
Vesturland	10,0	49,0	42,0	101,0	224
Vestfirðir	36,0	1,0	5,0	42,0	35
Norðurland vestra	5,0	1,5	15,0	21,5	183
Norðurland eystra	46,7	19,0	—	65,7	158
Austurland	26,0	85,0	—	111,0	103
Samtals	141,7	293,5	119,0	554,2	966

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1981 voru starfræktar þrjár mulningsvélasamstæður og ein hörpusamstæða á vegum Vegagerðarinnar. Samið var við nokkra verktaka um mölun á efni.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1981 var sem hér segir:

Kjördæmi	Mölun m ³	Hörpun m ³	Alls m ³
Suðurland	25 000	—	25 000
Reykjanes	18 752	8 898	27 650
Vesturland	58 855	—	58 855
Vestfirðir	18 708	—	18 708
Norðurland vestra	69 354	—	69 354
Norðurland eystra	—	45 772	45 772
Austurland	21 686	—	21 686
Samtals	212 355	54 670	267 025

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á liðnu ári var varið um 1,8 m.kr. til endurbóta vegna vatnaskemmda. Var þetta óvenju lítið miðað við síðustu ár. T. d. var kostnaðurinn 2,5 m.kr. árið 1980 og 3,6 m.kr. 1979, miðað við verðlag 1981.

Mest var um smáviðgerðir víðast á landinu, en þó urðu umtalsverð tjón á Vesturlandi, einkum á Snæfellsnesi í janúar og einnig í Vestur-Barðastrandarsýslu í aprílmánuði.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 0,8 m.kr. Vinna við endurnýjun umferðarmerkja var með mesta móti á liðnu ári, en vegna óvenju mikilla snjóþyngsla og mikils snjómoksturs s. l. vetur (1980—1981) var mikið um skemmdir á þeim. Á árinu voru settir upp vegvísar D-33 á helstu vegamót til viðbótar leiðamerkinu D-34.

Leiðamerkin standa yfirleitt um 150—200 m frá sjálfum vegamótunum og þótti því ástæða til að bæta við vegvísunum á sjálf vegamótin.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Kostnaður við vetrarviðhald var um 43 m.kr., en það er um 10 m.kr. umfram fjárveitingu. Er þetta mesta fjármagn, sem varið hefur verið til snjómoksturs til þessa. Aðalástæðan fyrir þessum mikla kostnaði voru óvenju mikil snjóalög víðast á landinu. Þannig voru tveir fyrstu mánuðir ársins mjög snjóþungir á Suðurlandi en frá miðjum mars og til vors, og strax aftur í september allt til áramóta voru mikil snjóalög á Austur- og Norðausturlandi. Á Vestfjörðum voru snjóalög í meðallagi en þó meiri en síðustu 2—3 árin.

Nokkur rýmkun varð á snjómokstursreglum í október 1980 og fór kostnaðaraukningar fyrst að gæta af þeim sökum á liðnu ári.

Vetrarviðhald kostaði um 27 m.kr. til júníloka, en seinni hluta ársins varð kostnaðurinn um 16 m.kr. Meðalkostnaður við vetrarviðhald síðustu 10 árin var 29,1 m.kr. á ári miðað við verðlag 1981.

Sé borinn saman snjómokstur á nokkrum fjallvegum, var unnið við snjómokstur á Holtavörðuheiði í 14 daga en vegurinn um heiðina var samtals ófær í 10 daga á árinu. Kostnaður á hvern km varð 17,9 þús. kr. Á Breiðadalsheiði var unnið við snjómokstur í 52 daga (17 d. '80). Þó var ófært um heiðina í 94 daga á árinu. Kostnaður á hvern km var 42,2 þús. kr. Á Oddsskarði voru snjómokstursdagar 37 (27 d. '80), en skarðið ófært talið í 51 dag. Kostnaður á km 51,6 þús. kr.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóá í hverjum mánuði árið 1981. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Tafla er sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóá árið 1981.

	Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjó- moksturs- dagar
Fróðárheiði	3	12	11										26	7	19
Svínadalur	5	5	14								1	2	27	7	17
Klettháls	31	28	31	30	4					1	9	21	155	42	12
Hálfván	4	11	12	1	1								29	8	20
Dynjandisheiði	31	28	31	30	9						9	22	160	44	11
Hrafseyrarheiði	30	28	31	24	1					6	11	22	153	42	23
Breiðadalsheiði	13	19	24	1	2				1	7	14	13	94	26	52
Botnsheiði	10	18	22	1	2				3	8	12	15	91	25	41
Porskatfjarðarheiði	31	28	31	30	30				3	25	26	31	235	64	16
Holtavörðuheiði		5	5										10	3	14
Vatnsskarð	2	6	7										15	4	21
Sígluf.v., Fljót-Sígl.	7	6	12							3	2	9	39	11	49
Lágheiði	31	28	31	30	15					28	30	31	224	61	7
Öxnadalsheiði		2	8										5	15	4
Ólafsfjarðarmúli	12	10	16							5	4	9	56	15	42
Hólssandur	31	28	31	30	31	10			1	31	30	31	254	70	1
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	11			3	31	30	31	257	70	3
Sandvíkurheiði	14	7	19							1	5	1	47	13	15
Vopnafjarðarheiði	31	28	31	30	9					27	30	31	217	59	7
Möðrudalsöræfi	31	28	31	20	2					14	28	31	185	51	6
Vatnsskarð eystra	22	13	22	9	2					12	14	23	117	32	6
Fjarðarheiði	6	6	17	1						5	6	14	55	15	39
Oddsskarð	8	4	15	1						4	5	14	51	14	37
Breiðdalsheiði	31	28	31	3	3					18	17	31	162	44	5

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1970—1981.

Ár	Jan.—júní m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhalds- kostnaðar	Á verðl. 1981 m.kr.
1972	0,24	0,30	0,54	9,98	18,78
1973	0,59	0,40	0,99	12,5	27,48
1974	0,92	0,72	1,64	20,4	27,90
1975	2,45	0,77	3,22	33,4	33,45
1976	2,27	0,92	3,19	43,8	25,27
1977	3,23	1,71	4,94	67,7	25,32
1978	5,27	3,18	8,45	100,0	29,32
1979	8,91	5,46	14,37	144,0	34,63
1980	7,08	9,71	16,79	226,0	25,78
1981	26,99	15,99	42,98	347,0	42,98
Meðalkostnaður á ári	29,09				

Kostnaður við vetrarviðhald nokkurra fjallvega.

Fjallvegir	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjómokstur þús. kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Mýrdalssandur	34	615	18,1
Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði	38	2 125	55,9
Holtavörðuheiði	38	682	17,9
Fróðárheiði	13	361	27,8
Miklidalur og Hálfván	29	562	19,4
Breiðadalsheiði	16	675	42,2
Botnsheiði	17	626	36,8
Síglufjarðarvegur: Dælisós — Síglu- fjörður	31	754	24,3
Öxnadalsheiði	30	500	16,7
Ólafsfjarðarmúli	18	734	40,8
Fjarðarheiði	25	688	27,5
Oddsskarð	22	1 134	51,6

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1971—1981.

Ár	Fjár- vegáætl. m.kr.	Heildar- kostnaður m.kr.	Vetrar- viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1971	2,50	2,73	0,55	20,1
1972	3,55	3,58	0,54	15,1
1973	3,75	4,33	0,99	22,9
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0

Skipting viðhaldskostnaðar.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1981. Skiptingin nær til sautján kostnaðarliða samkvæmt nýrri kostnaðarskiptingu, sem var gerð fyrir allt landið í fyrsta skipti árið 1978.

Í næstu töflu er svo tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald vega á km, ásamt eignum km og viðhaldskostnaði á hverja ekná 100 km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekná km.

Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1981.

Kostnaðarliðir	K j ö r d æ m i									
	Sameiginlegt þ.kr.	Suðurland þ.kr.	Reykjanes þ.kr.	Vesturland þ.kr.	Vestfirðir þ.kr.	Norðurl. ve. þ.kr.	Norðurl. ey. þ.kr.	Austurland þ.kr.	Samtals þ.kr.	Hlutfall af heildarkostn. %
Vetrarviðhald	440	5 403	5 369	4 580	8 510	2 920	7 477	8 280	42 979	31,0
Eftirlit og hreinsun	550	814	438	639	1 556	426	499	383	5 305	3,8
Umferðarmerki, stikur og leiðarar	754	118	576	291	271	118	123	53	2 304	1,7
Vegmálun	—	96	504	193	46	17	83	—	939	0,7
Umferðarljós, lýsing	—	—	490	—	—	—	—	—	490	0,4
Malarburður	—	3 873	1 750	5 634	1 362	1 516	2 293	2 120	18 548	13,4
Yfirlagnir	1	3 160	5 440	1 978	1 203	700	1 356	1 213	15 051	10,8
Axlir, gangbrautir	—	58	449	—	32	—	12	2	553	0,4
Heflun	172	3 014	1 217	3554	1 964	1 759	2 041	2 451	16 172	11,7
Rykbinding	635	730	419	828	253	189	600	288	3 942	2,8
Ræsi, skurðir, rásir	—	705	226	950	700	316	506	186	3 589	2,6
Viðgerð á malarvegum	—	542	95	1 572	377	130	293	2 086	5 095	3,7
Viðgerð á bundnu slitlagi	—	45	477	145	8	43	31	10	759	0,5
Vatnaskemmdir	—	100	95	459	472	113	281	276	1 796	1,3
Vinnsla efnis	—	2 403	1 511	4 201	1 691	3 561	2 161	2 217	17 745	12,8
Viðhald brúa og varnargarða	—	315	251	361	63	80	101	1 164	2 335	1,7
Ýmis kostnaður	—	26	103	202	—	536	290	—	1 157	0,8
Samtals	2 552	21 402	19 410	25 587	18 508	12 424	18 147	20 729	138 759	100,0

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern km og ekinn km árið 1981.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1981 þ.kr.	Lengd akfærra vega km	Viðhaldskostnaður á hvern km þ.kr.	Eknir km 1981 m.km	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður við sumarviðhald 1981 þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á hvern km þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á hvern ekinn km kr.
Suðurland	21 402	1 571	13,6	98	22	15 999	10,2	16
Reykjanes	19 410	361	53,8	166	12	14 041	38,9	8
Vesturland	25 587	1 401	18,3	64	40	21 007	15,0	33
Vestfirðir	18 508	1 334	13,9	30	62	9 998	7,5	33
Norðurland v.	12 424	1 101	11,3	37	34	9 504	8,6	26
Norðurland e.	18 147	1 196	15,2	48	38	10 670	8,9	22
Austurland	20 729	1 446	14,3	42	49	12 449	8,6	30
Samtals	138 759	8 411	16,5	485	29	95 780	11,4	20

Í meðfylgjandi töflu er sýndur sumarviðhaldskostnaður á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi, svo og lengd vega í hvorum flokki og eknir km. Ennfremur er tilgreindur sumarviðhaldskostnaður á hvern km og hvern ekinn km.

Gerð vega	Kostnaður við sumarviðhald í þ.kr.	Fjöldi km	Fjöldi ekinna km í milljónum	Kostnaður á hvern km í þús.kr.	Kostnaður á hverja ekna 100 km í kr.
Malarvegir	77 049	7 904	256	9,7	30,1
Vegir með bundnu slitlagi	18 731	507	229	36,9	8,2
Samtals	95 780	8 411	485	11,27	19,7

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Samkvæmt lánsfjáráætlun og vegáætlun skyldi ríkissjóður afla á árinu 1981 lánsfjár að upphæð 110,0 m.kr. m. a. til lagningar bundinna slitlaga á þjóðvegi og til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun og fjárframlaga úr ríkissjóði, þ. e. markaðra tekna og beins ríkisframlags.

Önnur fjáröflun samkvæmt vegáætlun var 30,2 m.kr. Þar af skyldi ríkissjóður afla hjá Bygðasjóði samkvæmt lánsfjáráætlun 20,1 m.kr. til sérstakra verkefna í vegagerð, þar á meðal 8,1 m.kr. til jaðarbyggðavega og hafísvegjar, en 10,1 m.kr. skyldi Vegagerðin sjálf afla. Þar af 4,4 m.kr. til vega- og brúargerðar í Eyjafirði eins og frá er greint í kafla 2.3.0.2. hér á eftir og 5,7 m. kr. hjá Bygðasjóði, samanber kafla 2.3.0.3.

Þess var getið í skýrslunni fyrir árið 1980, að skort hefði 1,0 m. kr. á, að áætluð lánsfjáröflun ríkissjóðs til vegagerðar þ. á. hefði staðist. Eins og gert hafði verið ráð fyrir var þessa lánsfjár í staðinn aflað á s. l. ári og urðu lántökur ríkissjóðs til framkvæmda í vegagerð því alls 131,1 m. kr.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins var þessu til viðbótar aflað lánsfjár að upphæð 40,6 m. kr. til að standa undir hluta af vöxtum og afborgunum af eldri lánum, sem ríkissjóður hafði tekið til vegagerðar, þannig að nýjar lántökur ríkissjóðs vegna vegagerðar urðu á árinu 1981 alls 171,7 m. kr.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár voru vextir, afborganir og lántökukostnaður vegna allra þeirra A-hluta lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, greidd beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu þessar greiðslur ríkissjóðs á árinu 1981 eins og hér segir (í þús. kr.):

Afborganir (að meðtöldum verðbótahluta)	73 123,0
Vextir (að meðtöldum verðbótahluta)	24 264,8
Lántökukostnaður vegna nýrra lána	1 230,8
	Samtals 98 618,6

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu þessara lána og hreyfingu á árinu 1981:

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

(Upphæðir í þús. kr.)

Skuldir í árslok 1980		519 729,8
Ný lán á árinu 1981:		
Lánsfé til framkvæmda samkvæmt vegáætlun	131 100,0	
Lánsfé til greiðslu vaxta og afborgana af eldri lánum	40 615,7	171 715,7
Hækkun vegna gengistaps	26 265,2	
Hækkun vegna vísitölhækkunar	215 255,3	241 520,5
	Samtals	932 966,0
Afborganir (að meðtöldum verðbótum)		73 123,1
Skuldir í árslok 1981 samtals		859 842,9

Uppfærsla lána í erlendri mynt vegna óhagstæðrar gengisþróunar á árinu nam 26 265 þús. kr. eins og að ofan greinir, og uppfærsla vegna vísitölubreytinga nam 215 255 þús. kr.

Lán í erlendri mynt námu í árslok 179 500 þús. kr. og vísitölubundin lán á innlausnarvirði námu 680 339 þús. kr. Önnur lán voru 3,9 þús. kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til veg framkvæmda.

Heimild var í vegáætlun til töku bráðabirgðalána vegna lagningar Miðbrautar í Eyjafirði og brúargerðar á Eyjafjarðará að upphæð 4,4 millj. kr. Einnig voru tekin bráðabirgðalán, sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að mestu leyt í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum, en að nokkrum hluta frá Framkvæmdastofnun ríkisins og bankastofnunum.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 7 745 þús. kr., þar af tæpar 5 millj. kr. vinnulán, en afgangurinn kom frá verktökum og bankastofnunum. Um 4,6 millj. kr. af fé þessu fór til vega á Suðurlandi, þ. e. Suðurlandsvegur, Eyrarbakkevegur og Gaulverjabæjarvegur, en einnig fór talsvert fé til Djúpvegar og vega í Reykjaneskjördæmi.

Til þjóðbrauta var aflað samtals 4 136 þús. kr. Allt voru það ýmist vinnulán eða lán frá sveitarfélögum. Mest af fé þessu fór til Miðbrautar í Eyjafirði, einnig til Hafnavegar í

Gullbringusýslu, Svínvetningabrautar í Austur-Húnavatnssýslu og nokkurra vega á Suður- og Austurlandi.

Til viðhalds vega í Vesturlandskjördæmi voru tekin vinnulán að upphæð 557 þús. kr. og verktakafyrirtækin Hlaðbær hf., Miðfell hf. og Loftorka sf. ásamt Halldóri Björnssyni verktaka lánuðu samtals 2 011 þús. kr. til lagningar bundinna slitlaga á þjóðvegi.

Til brúargerðar var aflað samtals 2 759 þús. kr. Kom það fé að mestu frá Hitaveitu Akureyrar til brúargerðar á Eyjafjarðará.

Loks lánaði verktakafyrirtækið Aðalbraut hf. 511 þús. kr. til lagningar Bláfjallavegar í Reykjanesfólkvangi.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 17 719 þús. kr. á móti 7 427 þús. kr. í árslok 1980 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1981 þús. kr.	Árslok 1980 þús. kr.
Til stofnbrauta	7 745	5 621
Til þjóðbrauta	4 136	219
Til viðhalds	557	101
Til bundinna slitlaga	2 011	1 156
Til brúargerða	2 759	330
Til fjallvega	511	0
Samtals	17 719	7 427

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

Lán frá Seðlabanka Íslands.

Endurgreiðslu á 3,5 millj. kr. láni, sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók árið 1977 hjá Seðlabanka Íslands og endurlánaði til sérstakra stórra verkefna í vega- og brúargerð, lýkur á árinu 1982. Lán þetta er gengistryggt og nam uppfærsla þess á s. l. ári vegna gengislækkunar 2 099 þús. kr. miðað við gengi 14. janúar s. l. Til greiðslu afborgana og vaxta fóru 4 226 þús. kr. og var sú fjárhæð tekin af fjárveitingum til þeirra verka, sem lánsfé notuðu á sínum tíma, þ. e. Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheidi og Oddsskarð.

Ögreiddar eftirstöðvar lánsins námu í árslok 3 105 þús. kr., þ. e. á gengi því sem tók gildi 14. janúar.

Lán frá Byggðasjóði.

Árið 1980 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán að upphæð 15 190 þús. kr. hjá Byggðasjóði og endurlánaði til lagningar bundins slitlags á þjóðvegi, til Norðausturvegar vegna hafishættu jaðarbyggðarvega. Lán þetta er afborgunarlaust fram til 1983, en vextir af því á s. l. ári námu 1 143 þús. kr. og var veitt sérstök fjárveiting úr ríkissjóði utan við vegáætlun til að standa undir þeim kostnaði. Lánið er gengistryggt og nam uppfærsla þess vegna lækkunar á gengi krónunnar frá því að lánið var tekið og fram til 14. janúar s. l. 8 765 þús. kr.

Á s. l. ári tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins annað lán hjá Byggðasjóði að upphæð 5 700 þús. kr., sem gert var ráð fyrir í vegáætlun, að endurlánað yrði til eftirtalinna framkvæmda:

Suðurlandsvegur Hvolsvöllur — Hella	1,0 m. kr.
Pingvallavegur	2,0 m. kr.
Suðurlandsvegur — Undirgöng við Rauðavatn	0,7 m. kr.
Snæfellsnesvegur við Grundarfjörð	1,0 m. kr.
Jaðarbyggðarvegir í Árneshreppi	1,0 m. kr.
Samtals	5,7 m. kr.

Lán þetta er gengistryggt og endurgreiðist á 10 árum, þ. e. 1982—1991, með jöfnum árlegum afborgunum og breytilegum vöxtum, sem nema 1% á ári yfir millibankavöxtum í dollurum á erlendum fjármagnsmörkuðum miðað við lán til 6 mánaða.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru samkvæmt vegáætlun 183 000 þús. kr., en skertust um 1% sökum frestunar framkvæmda og urðu 181 170 þús. kr. Skiptist sú upphæð þannig, að til stofnbrauta fóru 149 619 þús. kr. (65 875 þús. kr. til almennra verkefna, 40 620 þús. kr. til bundinna slitlaga og 43 124 þús. kr. til sérstakra verkefna), 29 027 þús. kr. til þjóðbrauta og 2 524 þús. kr. til girðinga og uppgræðslu.

Skipting þessa fjármagns er rakin nánar í köflum 2.3.1., 2.3.2. og 2.3.3.

2.3.0.5. Viðbótarfjármagn.

Sérstök aukafjárveiting var veitt úr ríkissjóði að upphæð 1 500 þús. kr. til að standa undir vöxtum af láni úr Byggðasjóði, að upphæð 15 190 þús. kr., sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók árið 1980 og endurlánaði til vegaf framkvæmda, samanber kafla 2.3.0.3. hér að framan.

